

Ljósmyndasýning
í tilefni af 60 ára afmæli
utanríkisþjónustunnar
10. apríl 2000



Yfirlit yfir þróun
íslenskrar utanríkisþjónustu



Haldið upp á 1000 ára afmæli Alþingis á Þingvöllum.

Efnisyfirlit

Aðdragandinn: Tímabilið 1918-1940	8
Fyrstu árin: 1940-1946	9
Varnar- og öryggismál 1940-2000	11
Landhelgis- og hafréttarmál 1940-2000	13
Efnahags- og viðskiptamál 1940-2000	15
Þættir í sögu utanríkisþjónustunnar 1947-2000	16
Sendiráð, fastanefndir og ræðisskrifstofur 1918-2000	20
Stjórnmalasamband við erlend ríki 1918-2000	22
Aðild Íslands að milliríkjastofnunum 1874-2000	25
Stjórn utanríkismála 1918-2000	28
Verkefni utanríkisþjónustunnar um aldamót	30
Örfá dæmi um atburði sem utanríkisþjónustan hefur komið að	37
Listi yfir höfunda, eigendur eða uppruna ljósmynda á sýningunni	38
Skipurit utanríkisþjónustunnar	39

Formáli utanríkisráðherra



Í tilefni af 60 ára afmæli utanríkisþjónustunnar hinn 10. apríl 2000 var ákveðið að ráðast í gerð ljósmyndasýningar sem ber yfirskriftina „Yfirlit yfir þróun íslenskrar utanríkisþjónustu“. Þetta er í fyrsta sinn sem utanríkisráðuneytið ræðst í slíkt framtak. Sýningin hefst í Þjóðarbókhöðunni, á afmælisdegi þjónustunnar, og verður síðan sett upp víðar.

Saga utanríkisþjónustunnar er samofin sögu Íslands. Helstu stórvíðburðir sem varða utanríkismál Íslendinga síðastliðin 60 ár hafa komið til kasta utanríkisþjónustunnar með einhverjum hætti.

Íslendingar fengu eigið forræði í utanríkismálum hinn 1. desember 1918. Í upphafi var framkvæmdin hins vegar í höndum dönsku utanríkisþjónustunnar, í umboði Íslendinga. Samskiptin við Danmörku voru að sjálfsögðu undanskilin, en þau fóru um sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn frá 1920. Þegar Þjóðverjar hertóku Danmörku hinn 9. apríl 1940 gátu Danir ekki lengur farið með utanríkismál Íslands, og því tóku Íslendingar þau alfarið í sínar hendur næsta dag. Sú dagsetning markar upphaf utanríkisþjónustunnar. Verkefni hennar er að gæta hagsmuna Íslands að því er snertir stjórnsmál og öryggismál, utanríkisviðskipti og menningarmál. Hún gætir einnig hagsmuna Íslendinga og íslenskra fyrirtækja erlendis.

Á þessum tímamótum ber að minnast þeirra atburða sem borið hafa hæst í framkvæmd íslenskra utanríkismála og áhrif þeirra á íslenskt samfélag. Áréttu ber starf Íslands að mannréttindamálum innan Sameinuðu þjóðanna, Evrópuráðsins og Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE). Innan Sameinuðu þjóðanna verður umfjöllun um umhverfis- og auðlindamál stöðugt meira áberandi og vinnur utanríkisþjónustan markvisst að því að tryggja hagsmuni Íslands með áherslu á sjálfbæra nýtingu auðlinda.

Aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu (NATO) árið 1949 og varnarsamningurinn við Bandaríkin voru mikilvægir áfangar í að tryggja öryggi þjóðarinnar og eru enn umsvifamiklir þættir í starfi utanríkisþjónustunnar. Útfærsla landhelginnar og baráttan um fiskimiðin er hluti af sögu hennar og var eitt meginverkefna utanríkisþjónustunnar fyrstu áratuginna.

Af öðrum mikilvægum þáttum má nefna Norðurlandasamstarfið sem frá upphafi hefur verið ein helsta stoð íslenskrar utanríkisstefnu. Grannsvæðasamstarf á norðurslóðum hefur einnig farið vaxandi á undanförunum árum, en Ísland á nú aðild að Eystrasaltsráðinu, Barentsráðinu og Norðurskautsráðinu. Ísland hefur tekið virkan þátt í hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti (GATT), síðar Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO), sem miðar að því að greiða fyrir milliríkjavíðskiptum. Ísland hefur einnig verið virkur þátttakandi í evrópsku samstarfi m.a. á sviði fríverslunar. Ísland gerðist aðili að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) árið 1970 en sú aðild markaði þáttaskil í utanríkisviðskiptum Íslands. Um leið var lagður grunnur að náinni tengingu Íslands við efnahags- og viðskiptasamstarf Evrópuríkja, sem enn eflidist með

samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði (EES). Utanríkisviðskipti vega æ þyngra í alþjóðasamvinnu og til að auðvelda íslenskum aðilum að hasla sér völl erlendis hefur verið sett á fót viðskiptaþjónusta í utanríkisráðuneytinu til að aðstoða íslensk fyrirtæki á erlendum mörkuðum.

Ljóst er því að verkefni utanríkisþjónustunnar hafa aukist verulega síðustu árin. Ísland er sífellt virkari þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi og hefur í auknum mæli tekið að sér forystu-hlutverk á alþjóðlegum vettvangi. Má þar nefna formennsku Íslands í ráðherranefnd Evrópuráðsins og Norðurlandasamstarfinu á síðasta ári. Þetta er ánægjuleg þróun en um leið gerir hún auknar kröfur til utanríkisþjónustunnar og ekki síst um aukna sérþekkingu á einstökum sviðum. Aukin alþjóðavæðing efnahagsmála og sívaxandi alþjóðasamvinna kallar á reglubundið mat á stöðu Íslands og hagsmunagæslu. Mikilvægt er því að hlúa að og efla utanríkisþjónustuna svo að hún sé ávallt í stakk búin til að standa vörð um hagsmuni Íslands.

*Halldór Ásgrímsson,
utanríkisráðherra*

Inngangur ráðuneytisstjóra



Ljósmyndasýningunni „Yfirlit yfir þróun íslenskrar utanríkisþjónustu“, er ætlað að varpa ljósi á störf utanríkisþjónustunnar síðastliðin sextíu ár. Tilgangur hennar er að sýna mikilvæga viðburði er tengjast sögu utanríkisþjónustunnar og að gefa mynd af daglegum störfum starfsfólks hennar. Það er nokkrum vandkvæðum bundið að sýna fjölbreytileg störf starfsmanna utanríkisþjónustunnar þar sem stór hluti þeirra ljósmynda sem safnast hafa sýna m.a. undirritun alþjóðasamninga, þátttöku í alþjóðlegum fundum, opinberar heimsóknir og afhendingu trúnaðarbréfa, sem eru aðeins hluti starfa þeirra. Myndirnar endurspeglu einnig mjög náið samstarf sem utanríkisráðuneytið hefur við önnur ráðuneyti svo og embætti forseta Íslands og Alþingi.

Fram að undirbúningi þessarar sýningar hafði skipuleg söfnun á ljósmyndum ekki átt sér stað og hefur utanríkisráðuneytið því þurft að leita til margra aðila, einstaklinga og stofnana. Val mynda á sýningu sem þessa er ávallt matsatriði og takmarkast að sjálfsögðu við þær ljósmyndir sem fáanlegar voru. Myndaval er ekki alltaf í samræmi við mikilvægi þeirra atburða sem reynt er að lýsa.

Eftir því sem lengra líður frá stofnun utanríkisþjónustunnar verður erfiðara að nálgast ljósmyndir af fyrstu starfsmönnum hennar og atburðum sem þeim tengjast. Aðeins örfáir þeirra sem hófu störf í utanríkisþjónustunni á fimmta áratugnum eru enn á lífi. Ljósmyndasýningin hefur því verið kærkomið tækifæri til að safna saman ljósmyndum sem hefðu e.t.v. glatast ella.

Utanríkisráðuneytið hefur ákveðið í framhaldi af þessu að átak verði gert í því að tryggja betur varðveislu myndefnis á sviði utanríkismála, en ljósmyndirnar á þessari sýningu eru grunnur að ljósmyndasafni utanríkisráðuneytisins.


Margir hafa lagt hönd á plóginn til að gera sýninguna að veruleika. Ég vil þakka öllum þeim sem hafa lánað til hennar ljósmyndir og heimilað birtingu þeirra, fyrst og fremst núverandi og fyrrverandi starfsmönnum utanríkisþjónustunnar og fjölskyldum þeirra, Þjóðminjasafni Íslands, Ljósmyndasafni Reykjavíkur, DV, Ríkisútvarpinu og Stöð 2, svo og þeim útgáfuadilum og alþjóðastofnunum, sem leitað var til. Sérstaklega vil ég þakka Pétri G. Thorsteinsson, skrifstofustjóra, Emil Breka Hreggviðssyni, sendiráðsritara, Birgi Loftssyni, sagnfræðingi, Kristínu Ólafsdóttur, deildarstjóra, og öðrum sem komu að undirbúningi sýningarinnar.

*Sverrir Haukur Gunnlaugsson,
ráðuneytisstjóri.*

Aðdragandinn: Tímabilið 1918-1940

1. desember 1918

Ísland verður fullvalda ríki. Íslendingar öðlast forræði utanríkismála sinna. Stefnan í utanríkismálum er ákveðin af ríkisstjórninni, en framkvæmd af dönsku utanríkisþjónustunni í umboði Íslendinga. Utanríkismálin heyra undir forsætisráðherra, Jón Magnússon. Kveðið er á um hlutleysi Íslands í sambandslagasamningi við Danmörk.



Í sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn milli stríða. F.v.: Jón Krabbe lögfræðingur og Sveinn Björnsson sendiherra.



Sendiráð Danmerkur og Íslands í Buenos Aires, Argentínu, um 1936. Fánað beggja landanna blakta við hún. Myndin er frá þeim tíma er Danir fóru með framkvæmd utanríkismála fyrir Íslands hönd.

1918-1940

Nokkrir íslenskir viðskiptaerindrekar störfuðu erlendis milli heimsstyrjalda.

4. ágúst 1919

Danir skipa fyrsta erlenda sendiherrann á Íslandi, J.E. Bøggild, sem var af íslenskum ættum.

16. ágúst 1920

Fyrsta sendiráð Íslands er opnað í Kaupmannahöfn. Sveinn Björnsson, síðar forseti, er skipaður fyrsti sendiherra Íslands.

26. júní 1921

Kristján X., konungur Danmerkur og Íslands, heimsækir Ísland í fyrsta sinn.

1921

Lárus Jóhannesson, lögfræðingur, er ráðinn til starfa hjá forsætisráðherra í tvær klukkustundir á dag til þess að annast utanríkismál. Hann er fyrsti starfsmaður Stjórnarráðs Íslands sem annast þau sérstaklega.

1924 - 1926

Staða sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn er lögð niður af sparnaðarástæðum og endurvakin á ný. Sveinn Björnsson fer til Íslands en Jón Krabbe er forstöðumaður á meðan.

1. febrúar 1925

Stefán Þorvarðsson, lögfræðingur, síðar fyrsti skrifstofustjóri utanríkisráðuneytisins, gerist starfsmaður í dönsku utanríkisþjón-



Danska sendiráðið í Teheran, Íran, nýleg mynd. Danski og íslenski ríkisskjöldurinn frá konungstímabilinu sjást sitt hvorum megin við hlíðið.



Nærmynd af skjaldarmerki Konungsríkisins Íslands sem hangir enn við inngang danska sendiráðsins í Teheran.

ustunni. Fleiri Íslendingar fylgja í kjölfarið, Pétur Benediktsson 1930, Svanhildur Ólafsdóttir 1933, Vilhjálmur Finsen 1934, Agnar Kl. Jónsson 1934, Helgi P. Briem 1935, Gunnlaugur Pétursson 1939 og Henrik Sv. Björnsson 1939.

1927

Jón Þorláksson, forsætisráðherra, áskilur Íslendingum réttindi á Jan Mayen til jafns við aðrar þjóðir.

1928

Utanríkismálanefnd Alþingis stofnuð. Fyrstu nefndarmennirnir voru Benedikt Sveinsson,

formaður, Jón Þorláksson, Ásgeir Ásgeirsson, Sigurður Eggerz, Bjarni Ásgeirsson, Ólafur Thors og Héðinn Valdimarsson.

1930

Alþingishátíð vegna 1000 ára afmælis þingsins. Fjöldi erlendra gesta kemur til Íslands.

30. janúar 1934

Vilhjálmur Finsen, ritstjóri, er skipaður „attaché“ við danska sendiráðið í Osló, fyrsti fulltrúi Íslands við danskt sendiráð.

20. mars 1938

Stofnuð er utanríkismáladeild í Stjórnarráðinu, fyrsta starfseining þess sem fjallar um utanríkismál og heyrir hún undir forsætisráðherra. Stefán Þorvarðsson verður fyrsti yfirmaður hennar.

1939

Síðari heimsstyrjöld hefst.

1939-1940

Ísland tekur þátt í heimssýningu í fyrsta sinn. Hún er haldin í New York.

9. apríl 1940

Þjóðverjar ráðast inn í Danmörku.

Fyrstu árin: 1940-1946

10. apríl 1940

Ísland tekur meðferð utanríkismála í eigin hendur. Utanríkismáladeild Stjórnarráðsins er gerð að utanríkisráðuneyti. Þetta er upphaf íslensku utanríkisþjónustunnar.

23. apríl 1940

Aðalræðisskrifstofa Íslands er opnuð í New York. Hún er fyrsta sendiskrifstofan sem opnuð er eftir að utanríkisþjónustan verður

til. Vilhjálmur Þór er skipaður aðalræðismaður, fyrsti ræðismaður Íslands. Hann verður síðar utanríkisráðherra.

27. apríl 1940

Ísland opnar sendiráð í London. Sendiráð er opnað í Stokkhólmi stuttu síðar, í Washington 1941 og í Moskvu 1944.

10. maí 1940

Bretar hernema Ísland.

8. júlí 1940

Stefán Jóh. Stefánsson verður fyrsti utanríkisráðherra Íslands. Bráðabirgðalög sett um utanríkisþjónustu erlendis.



Pétur Benediktsson, sendiherra, og M.I. Kalinin, forseti Sovétríkjanna, við afhendingu trúnaðarbréfs í Moskvu 10. maí 1944.

1940

Á fyrsta starfsári utanríkisþjónustunnar er staðan þessi: Sendiráð: 3. Ræðisskrifstofa: 1. Starfsmenn í ráðuneytinu: 5. Launaðir starfsmenn erlendis: 15. Starfsmenn samtals: 20.

15. febrúar 1941

Lög sett um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis.

17. júní 1941

Sveinn Björnsson, sendiherra, kjörinn ríkisstjóri Íslands.

1. júlí 1941

Samningur er gerður við Bandaríkin, m.a. um varnir landsins, viðurkenningu á frelsi og fullveldi þess, að sjá landinu fyrir nægum nauðsynjavörum á stríðstímanum og að tryggja siglingar að og frá landinu.

16. ágúst 1941

Churchill, forsætisráðherra Breta, kemur til Íslands eftir að hafa undirritað Atlantshafsáttmálann með Roosevelt, Bandaríkjaforseta. Sáttmálinn markaði upphafið að stofnun Sameinuðu þjóðanna 1945.



Fyrsta sendinefnd Íslands á allsherjarþingi SP 1946. F.v.: Thor Thors sendiherra, Finnur Jónsson dómsmálaráðherra, Bjarni Benediktsson, borgarstjóri, (síðar utanríkisráðherra) og Ólafur Jóhannesson, prófessor (síðar utanríkisráðherra).

17. janúar 1942

Ólafur Thors verður utanríkisráðherra í fyrra skiptið.

1942

Fyrsta kjörræðisskrifstofa Íslands er stofnuð í Winnipeg. Grettir Leó Jóhannsson verður fyrsti kjörræðismaður Íslands. Í utanríkisráðuneytinu er stofnuð upplýsingadeild undir stjórn Agnars Kl. Jónssonar. Hann verður jafnframt fyrsti deildarstjóri ráðuneytisins.



Winston Churchill í Reykjavík 16. ágúst 1941. Hann hafði viðkomu á Íslandi eftir gerð Atlantshafsáttmálans með Franklin D. Roosevelt, Bandaríkjaforseta.

16. desember 1942

Vilhjálmur Þór verður utanríkisráðherra.

17. júní 1944

Íslenska lýðveldið er stofnað á Þingvöllum. Sveinn Björnsson, ríkisstjóri, er kjörinn forseti.

23. ág. - 2. sept. 1944

Sveinn Björnsson, forseti, heimsækir Bandaríkin í boði Roosevelts forseta. Þetta er fyrsta opinbera heimsókn forseta Íslands.

21. október 1944

Ólafur Thors verður utanríkisráðherra í annað sinn.

27. janúar 1945

Loftferðasamningur gerður við Bandaríkin.

8. maí 1945

Síðari heimsstyrjöld lýkur.

19. nóvember 1946

Ísland verður aðili að Sameinuðu þjóðunum.

Varnar- og öryggismál 1940-2000

10. maí 1940

Bretar hernema Ísland.

12. júlí 1940

Íslendingar spyrja bandarísk stjórnvöld óformlega hvort þau muni verja Ísland samkvæmt Monroe-kenningunni.

1. júlí 1941

Herverndarsamningur er gerður við Bandaríkin. Þau taka að sér hvernir Íslands viku síðar, fimm mánuðum áður en Bandaríkin verða aðilar að heimsstyrjöldinni. Landgangar bandarískra hermanna 7. júlí markar upphaf langrar varnarsamvinnu ríkjanna.

27. apríl 1942

Bandaríkin taka við yfirherstjórn á Íslandi af Bretum.

5. október 1946

Keflavíkursamningurinn samþykktur á Alþingi. Ákveðið er að bandarískt herlið yfirgefi landið, en Bandaríkjamenn hafi áfram afnot af Keflavíkurflugvelli.

8. apríl 1947

Síðustu bandarísku hermennirnir yfirgefa Ísland.

4. apríl 1949

Bjarni Benediktsson, utanríkisráðherra, undirritar stofnsáttmála Atlantshafsbandalagsins. Gunnlaugur Pétursson verður síðar fyrsti fastafulltrúi Íslands hjá bandalaginu.



Utanríkisráðherra Íslands, Bjarni Benediktsson, undirritar stofnsáttmála NATO, 4. apríl 1949 í Washington. Thor Thors, sendiherra, stendur honum við hlið.

5. maí 1951

Undirritun varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna. Samningurinn var lögfestur 24. maí sama ár.

10. nóvember 1953

Varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins stofnuð. Tómas Árnason er yfirmaður hennar.

5. maí 1955

Þýska Sambandslýðveldið fær aðild að NATO. Ísland er valið í nefnd sem áður kannar möguleika á endursameiningu landsins. Kristján Albertsson er formaður þegar nefndin heim-sækir Þýskaland.

5. ágúst 1963

Samningurinn um bann gegn tilraunum með kjarnavopn í gufuhvolfinu er gerður.

1. júlí 1968

Samningurinn um að dreifa ekki kjarnavopnum er gerður.

24.-25. júní 1968

Utanríkisráðherrafundur Atlantshafsráðsins haldinn í Reykjavík.

27. febrúar 1969

Lög sett um framkvæmd fyriræla Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

1972

Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu (RÖSE), CSCE, hefst í Helsinki. Helsinki lokasamþykktin er gerð 1. ágúst 1975.

Maí 1984

Ísland eykur þátttöku í störfum hermála-nefndar NATO.

1987

Ratsjárstofnun tekur til starfa eftir að íslensk stjórnvöld gerðu samning um yfirtöku Íslendinga á rekstri ratsjástöðva varnarliðsins á Íslandi.

11. júní 1987

Utanríkisráðherrafundur Atlantshafsráðsins haldinn í Reykjavík.

1992

Ísland gerist aukaaðili að Vestur-Evrópusambandinu.

13. janúar 1993

Efnavopnasamningurinn er gerður. Hann öðlast gildi gagnvart Íslandi 29. apríl 1997.

4. janúar 1994

Samkomulag Íslands og Bandaríkjanna um fyrirkomulag varnarsamstarfs ríkjanna á grundvelli varnarsamningsins frá 1951. Það er endurnýjað 1996 til fimm ára.



Heimsókn Javier Solana, aðalframkvæmdastjóra NATO til Íslands 1996. F.v.: Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra, Solana og Davíð Oddsson, forsætisráðherra.

Landhelgis- og hafréttarmál 1940-2000

1947

Hans G. Andersen, þjóðréttarfræðingur utanríkisráðuneytisins, lætur ríkisstjórninni í té ítarlega greinargerð um landhelgismál.

5. apríl 1948

Lög sett um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins.

1949

Ísland fær samþykka tillögu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna um að alþjóðalaganefndinni verði falin heildarkönnun á reglum hafréttar, bæði landhelginnar og úthafsins. Lokaskýrsla nefndarinnar frá 1956 lagði grunninn að fyrstu hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Genf 1958.

22. apríl 1950

Landhelgin færð út í 4 mílur fyrir Norðurlandi frá grunnlínum sem eru dregnar þvert fyrir mynni flóa og fjarða.

15. maí 1952

Fiskveiðilandhelgin færð út í 4 mílur. Þorskastríð við Breta stendur til 1956.

1952-1956

Löndunarbann á íslenskum fiski í Bretlandi.

Febrúar - apríl 1958

Fyrsta hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna í Genf.

1. september 1958

Fiskveiðilandhelgin færð út í 12 mílur. Þorskastríð við Breta stendur til 1961.

Mars - apríl 1960

Önnur hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna í Genf.

11. mars 1961

Guðmundur Í. Guðmundsson, utanríkisráð-

herra, undirritar samning við Bretland um lausn landhelgisdeilunnar.

1969

Ályktunartillaga Íslands um varnir gegn mengun hafsins samþykkt einróma á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.



Landhelgisnefnd skipuð af utanríkisráðherra 19. maí 1959. F.h.: Þórarinn Þórarinnsson, Gunnlaugur E. Briem, Davíð Ólafsson, Sigurður Bjarnason, Hans G. Andersen, Benedikt Gröndal, Jón Jónsson, Lúdvík Jósefsson og Henrik Sv. Björnsson.

15. febrúar 1972

Fiskveiðilandhelgin færð út í 50 mílur. Bretar senda herskip á Íslandsmið. Þorskastríðið stendur til nóvember 1973.

7. september 1972

Einar Ágústsson, utanríkisráðherra, gerir samning við Belgíu sem viðurkennir 50 mílna fiskveiðilögsöguna gegn takmörkuðum fiskveiðiheimum innan hennar.

1973 - 1982

Þriðja hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna.

13. nóvember 1973

Bráðabirgðasamningur er gerður við Bretland varðandi landhelgisdeiluna.

15. október 1975

Fiskveiðilandhelgin færð út í 200 mílur. Þorskastríð hefst á ný. Bretar senda aftur herskip á Íslandsmið. Stjórnmalasambandi er slitið við Bretland 19. febrúar 1976. Þjóðverjar virða ekki útfærslu landhelginnar.

28. nóvember 1975

Samkomulag næst við Þjóðverja í landhelgisdeilunni.

16. desember 1975

Ingi S. Ingvarsson, sendiherra, ber upp kæru Íslands gegn Bretlandi í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna vegna ásiglingar bresks skips á varðskipið Þór í landhelgisdeilunni. Þetta er í eina skipti sem fulltrúi Íslands hefur borið upp erindi í Öryggisráðinu.

1. júní 1976

Einar Ágústsson, utanríkisráðherra, undirritar ásamt Anthony Crossland, utanríkisráðherra Bretlands, samning um lausn landhelgisdeilunnar.

1. júní 1979

Lög sett um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

1980/1981

Ólafur Jóhannesson, utanríkisráðherra, gerir tvo samninga við Noreg um fiskveiðiréttindi og landgrunnið milli Íslands og Jan Mayen.

10. desember 1982

Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna er samþykktur.

9. maí 1985

Geir Hallgrímsson, utanríkisráðherra, undirritar reglugerð um afmörkun landgrunn Íslands til vesturs, suðurs og austurs.

21. júní 1985

Ísland fullgildir hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna. Hann öðlast gildi 16. nóvember 1994.

30. maí 1994

Ísland gerist aðili að Versalasarminnum um Svalbarða frá 9. febrúar 1920.

4. ágúst 1995

Úthafsveiðisamningur Sameinuðu þjóðanna er samþykktur.

11. nóvember 1997

Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra, undirritar samning um afmörkun hafsvæðis milli Íslands og Grænlands (Kolbeinseyjarmálið).



Einar Ágústsson utanríkisráðherra undirritar ásamt Anthony Crossland, utanríkisráðherra Bretlands, samning um lausn landhelgisdeilunnar 1. júní 1976.

15. maí 1999

Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra, undirritar samning um lausn Smugudeilunnar við Noreg og Rússland. Endir er bundinn á deilu um þorskveiðar Íslendinga í Barentshafi sem staðið hafði frá 1993.

Efnahags- og viðskiptamál 1940-2000

1. júlí 1941

Samningur er gerður við Bandaríkin, m.a. um að sjá landinu fyrir nægum nauðsynjavörum vegna seinni heimsstyrjaldarinnar og að tryggja siglingar að og frá landinu.

5. ágúst 1941

Viðskiptasamningur gerður við Breta um kaup á íslenskum afurðum fyrir kr. 100 milljónir. Þetta var stærsti sölusamningur Íslands til þess tíma.

4. nóvember 1944

Vilhjálmur Finsen, sendiherra Íslands í Stokkhólmi, undirritar samning um smíði 45 fiskibáta, stærsta kaupsamning Íslands til þess tíma.



*Sýningarbás Íslands á Anuga-viðskiptasýningunni í Köln 1959.
F.v.: Úlfur Sigurmundsson, fulltrúi vörusýningarnefndar, Helgi P. Briem, sendiherra Íslands og Ezra Taft Benson, landbúnaðarráðherra Bandaríkjanna.*

1945

Samið við Breta um kaup á 30 togurum. Tveir bættust við árið eftir og 10 til viðbótar árið 1948.

16. apríl 1948

Ísland gerist stofnaðili að Efnahagssamvinnustofnun Evrópu, OEEC. Henni er breytt í Efnahagssamvinnu- og framfarastofnunina, OECD, 1960. Pétur Benediktsson verður fyrsti fulltrúi Íslands.



*Viðræður um aðild Íslands að EFTA, mars 1970.
F.v.: Einar Benediktsson, deildarstjóri (síðar sendiherra), Gylfi P. Gíslason, viðskiptaráðherra og Þórhallur Ásgeirsson, ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytisins.*

1948-1953

Ísland fær Marshall-aðstoð frá Bandaríkjunum.

1. ágúst 1953

Viðskiptasamningar undirritaðir við Sovétrík-in í kjölfar löndunarbannsins á Bretlandi. Útflutningur til Sovétríkjanna vex úr engu í 12,6% af útflutningi landsins það ár og 15,2% árið á eftir.

1953-1960

Meðferð utanríkisviðskiptamála flyst frá utanríkisráðuneytinu til viðskiptaráðuneytisins.

1963

Ísland skipar sendiherra gagnvart Efnahagsbandalagi Evrópu í fyrsta sinn, Pétur J. Thorsteinsson, með aðsetur í París.

5. mars 1964

Ísland fær bráðabirgðaaðild að Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti, GATT. Einar Benediktsson er fyrsti fulltrúi Íslands gagnvart samtökunum.

1. mars 1970

Ísland verður aðili að Fríverslunarsamtökum Evrópu, EFTA. Gylfi Þ. Gíslason, viðskiptaráðherra, flytur málið á Alþingi fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Fastanefnd er komið á fót í Genf. Einar Benediktsson er fyrsti fastafulltrúi Íslands.

22. júlí 1972

Einar Ágústsson undirritar fríverslunarsamning Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu. Hann tekur gildi 1973 en kemur ekki að fullu til framkvæmda fyrr en 1976, eftir lausn síðustu fiskveiðideilunnar við Breta.

8. júlí 1987

Útflutningsmál eru færð frá viðskiptaráðuneyti til utanríkisráðuneytis. Viðskiptaskrifstofa er stofnuð í utanríkisráðuneytinu.

2. maí 1992

Jón Baldvin Hannibalsson, utanríkisráðherra, undirritar samninginn um Evrópska efnahagssvæðið í Oportó, Portúgal.

1. janúar 1994

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) tekur gildi.

1. janúar 1995

Samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnunina, WTO, tekur gildi.

1. september 1997

Viðskiptaþjónusta utanríkisráðuneytisins tekur til starfa.



Jón Baldvin Hannibalsson, utanríkisráðherra, undirritar EES-samninginn árið 1992.

Þættir í sögu utanríkisþjónustunnar 1947-2000

4. febrúar 1947

Bjarni Benediktsson verður utanríkisráðherra.

1947

Ísland er valið í nefnd þriggja ríkja á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna til að gera tillögur um skiptingu Palestínu. Thor Thors er framsögumaður.

10. desember 1948

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna er samþykkt.

4. nóvember 1950

Mannréttindasáttmáli Evrópuráðsins er gerður. Hann öðlaðist gildi á Íslandi 3. september 1953.

1951-1953

Sendiráði Íslands í Moskvu er lokað af sparnaðarástæðum 1951 og opnað aftur 1953.

11. september 1953

Kristinn Guðmundsson verður utanríkisráðherra.

1954

Thor Thors kjörinn formaður sérstöku stjórnmalanefndar allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna.

24. júlí 1956

Guðmundur Í. Guðmundsson verður utanríkisráðherra.

1. júlí 1962

Samstarfssamningur Norðurlanda öðlast gildi á Íslandi.

1963

Utanríkisráðuneytið gefur út safnritið „Samningar Íslands við erlend ríki“, tvö bindi tekin saman af Helga P. Briem, sendiherra.

31. ágúst 1965

Emil Jónsson verður utanríkisráðherra.

1967

Ísland tekur þátt í heimssýningu í annað sinn. Hún er haldin í Montreal í Kanada.

16. apríl 1971

Ný lög sett um utanríkisþjónustu Íslands.

21. apríl 1971

Handritin koma heim frá Danmörku. Handritamálið kom til kasta fjögurra sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn, Sigurðar Nordals 1956-57, Stefán Jóhanns Stefánssonar 1957-65, Gunnars Thoroddsens 1965-70 og Sigurðar Bjarnasonar 1970-71.

17. júní 1971

Vínarsamningurinn um stjórnmalasamband frá 1961 öðlast lagagildi á Íslandi.

14. júlí 1971

Einar Ágústsson verður utanríkisráðherra.

25. ágúst 1971

Fyrsta ráðstefna kjörræðismanna Íslands hefst í Reykjavík.

1972

Utanríkisráðuneytið flyst úr Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg að Hverfisgötu 115.

1973 - 1974

Ísland á sæti í ráði Umhverfisstofnunar SP, UNEP.

30. maí 1973

Leiðtogafundur Nixons, forseta Bandaríkanna, og Pompidous, forseta Frakklands, hefst í Reykjavík.



Agnar Kl. Jónsson (1909-1984) afhendir trúnaðarbréf á Ítalíu, Róm, febrúar 1970. Agnar gegndi lengst starfi ráðuneyttisstjóra utanríkisráðuneytisins (í 15 ár, 1944-51 og 1961-69). Á tímabilinu 1951-80 var hann sendiherra gangvart Bretlandi, Hollandi, Frakklandi, Spáni, Portúgal, Ítalíu, Belgíu, Grikklandi, Noregi, Ísrael, Póllandi, Tékkóslóvakíu, Danmörku og Tyrklandi.

28. júlí 1974

Haldið er upp á 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar. Utanríkisráðuneytið veitir yfir 110 erlendum gestum fyrirgreiðslu.

1974 - 1979

Ísland á sæti í ráði Alþjóðapóstbandsins, UPU.

22. mars 1976

Heimilað er með forsetaúrskurði að skipa sendiherra í fjarlægum löndum með búsetu í Reykjavík.

21. ágúst 1977

Önnur ráðstefna kjöræðismanna Íslands hefst í Reykjavík.

1. júlí 1978

Vínarsamningur um ræðissamband frá 1963 öðlast lagagildi á Íslandi.



Nýliðar í utanríkisþjónustunni sækja námskeið um utanríkismál. Þessi hópur útskrifaðist í október 1999. Utanríkisráðherra og ráðuneytisstjóri sitja fyrir miðju.

1. september 1978

Benedikt Gröndal verður utanríkisráðherra.

1979

Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna, UNU, tekur til starfa.

8. febrúar 1980

Ólafur Jóhannesson verður utanríkisráðherra.

Júní 1980

Kvennaráðstefna Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn.

22. nóvember 1980

Mannréttindasamningar Sameinuðu þjóðanna frá 1966 öðlast gildi á Íslandi.

1981 - 1983

Ísland situr í ráði Umhverfisstofnunar SP, UNEP.

26. maí 1981

Lög samþykkt um Þróunarsamvinnustofnun Íslands, ÞSSÍ.

1983-1986

Ísland á sæti í ráði Alþjóðaheilbrigðisstofnunar SP, WHO.

1983-1987

Ísland á sæti í ráði Menningarmálastofnunar SP, UNESCO.

26. maí 1983

Geir Hallgrímsson verður utanríkisráðherra.

1986 - 1988

Ísland á sæti í Efnahags- og félagsmálaráði Sameinuðu þjóðanna, ECOSOC.

24. janúar 1986

Matthías Á. Mathiesen verður utanríkisráðherra.

31. ágúst 1986

Þriðja ráðstefna kjöræðismanna Íslands hefst í Reykjavík.

11.-12. október 1986

Leiðtogafundur Reagans Bandaríkjaforseta og Gorbatsjovs aðalritara kommúnistaflokks Sovétríkjanna í Reykjavík.

8. júlí 1987

Steingrímur Hermannsson verður utanríkisráðherra.

9. desember 1987

Skrifstofa Norðurlandamála stofnuð í utanríkisráðuneytinu. Hún var síðar flutt til forsætisráðuneytisins.

28. september 1988

Jón Baldvin Hannibalsson verður utanríkisráðherra.

26. ágúst 1991

Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra og utanríkisráðherrar Eystrasaltsríkjanna undirrita skjöl um viðurkenningu á endur-

reistu sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna og um gagnkvæm upptök stjórnmálasambands. Íslendingar urðu þar með fyrstir þjóða til að viðurkenna endurheimt sjálfstæðis Eystrasaltsþjóða.

1992

Yfirlýsing ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun er samþykkt í Ríó de Janeiro. Samþykktur er rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

1992

Ritið „Utanríkisþjónusta Íslands og utanríkis-mál - Sögulegt yfirlit“, þrjú bindi, eftir Pétur J. Thorsteinsson kemur út.

1992-1995

Ísland á sæti í ráði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO.

1994

Sjómannaskóli er stofnaður í Walvis Bay í Namibíu. Íslendingar hafa frá upphafi lagt til um helming kennara sem hluta af þróunaraðstoð sinni.

17. júní 1994

Haldið er upp á 50 ára afmæli lýðveldisins. Erlendir þjóðhöfðingjar, utanríkisráðherrar og sendiherrar koma til landsins.

1995

Utanríkisráðuneytið flytur frá Hverfisgötu 115 að Rauðarárstíg 25.

23. apríl 1995

Halldór Ásgrímsson verður utanríkisráðherra.

Október 1995

Fjórdá ráðstefna kjöræðismanna Íslands haldin í Reykjavík.

1997 - 1999

Ísland á sæti í Efnahags- og félagsmálaráði Sameinuðu þjóðanna, ECOSOC.

1997 - 1998

Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra, situr í Þróunarnefnd Alþjóðabankans.

17. október 1997

Ríkisstjórnin ákveður að hækka verulega framlög til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Þau urðu tæpar 300 milljónir króna



Umhverfisráðstefna SP, Rio de Janeiro 1992. Forseti Íslands fyrir miðju.

árið 2000 og var ákveðið að þau verði 400-500 milljónir króna árið 2003.

1998

Ísland tekur þátt í heimssýningu í þriðja sinn. Hún er haldin í Lissabon í Portúgal.

28. ágúst 1998

Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna, UNU, stofnaður á Íslandi.

7. maí 1999

Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra, gegnir formennsku í ráðherraráði Evrópuráðsins.

10. apríl 2000

Sextíu ára afmæli utanríkisþjónustunnar. Sendiskrifstofur: 17 í 14 löndum. Kjöræðis-skrifstofur: 188 í 61 landi. Starfsmenn í ráðuneytinu: 80. Launaðir starfsmenn erlendis: 105. Kjöræðismenn: 225.

2000

Ísland tekur þátt í heimssýningunni EXPO 2000 í Hannover.

Sendiráð, fastanefndir og ræðisskrifstofur 1918-2000

Röðun sendiskrifstofa að neðan miðast við þær sem hafa starfað samfleytt.

16. ágúst 1920

Fyrsta sendiráð Íslands er opnað í Kaupmannahöfn. Sveinn Björnsson, síðar forseti, er skipaður fyrsti sendiherra Íslands.

23. apríl 1940

Aðalræðisskrifstofa Íslands er opnuð í New York. Hún er fyrsta sendiskrifstofan sem opnuð er eftir að utanríkisþjónustan er stofnuð. Vilhjálmur Þór er skipaður aðalræðismaður, fyrsti ræðismaður Íslands. Aðalræðisskrifstofan er gerð að kjörræðisskrifstofu árið 1950 (þ.e. án útsends starfsmanns), en endurreist sem sendiráðisskrifstofa 1965, þegar fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum sest þar að.

27. apríl 1940

Sendiráð Íslands í London er opnað (annað sendiráð Íslands).

27. júlí 1940

Sendiráð Íslands í Stokkhólmi er opnað (þriðja sendiráð Íslands).

23. október 1941

Sendiráð Íslands í Washington er opnað (fjórða sendiráð Íslands).

1942

Fyrsta kjörræðisskrifstofa Íslands er stofnuð í Winnipeg. Grettir Leó Jóhannsson er fyrsti kjörræðismaður Íslands. Árið 2000 eru kjörræðisskrifstofur orðnar 188 í 61 landi.

10. maí 1944

Sendiráð Íslands í Moskvu er opnað (fimmta sendiráð Íslands).

10. janúar 1946

Sendiráð Íslands í París er opnað (sjötta sendiráð Íslands).

19. júní 1947

Sendiráð Íslands í Osló er opnað (sjöunda sendiráð Íslands).

28. febrúar 1949

Aðalræðisskrifstofa Íslands í Hamborg er opnuð. Hún er gerð að sendiráði 1952 (áttunda sendiráð Íslands). Það er flutt til Bonn 1955 og loks til Berlínar 1999.

1950-1953

Sendiskrifstofa Íslands er starfrækt í Prag. Dr. Magnús Z. Sigurðsson er þar viðskiptafulltrúi.

1952

Stofnuð er fastanefnd Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu, NATO, í París.

1955

Sendiráð Íslands í Hamborg er flutt til Bonn.

1957-1960

Sendiráðisskrifstofa Íslands er starfrækt í Prag. Árni Finnbjörnsson er ræðismaður.

17. maí 1965

Stofnuð er fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og sendiráðisskrifstofa í New York (níunda sendiskrifstofa Íslands).

1966-1973

Sendiskrifstofa Íslands er starfrækt í Buenos Aires í Argentínu. Ingimundur Guðmundsson er viðskiptafulltrúi.

1967

Fastanefnd Íslands hjá NATO er flutt frá Par-

ís til Brussel og verður jafnframt sendiráð þar gagnvart Efnahagsbandalagi Evrópu og Belgíu (tíunda sendiskrifstofa Íslands).

1. mars 1970

Ísland verður aðili að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA). Fastanefnd er sett á fót í Genf (ellefta sendiskrifstofa Íslands).

10. desember 1986

Sendiskrifstofunni í Brussel er skipt í tvennt. Ísland stofnar sérstakt sendiráð gagnvart Efnahagsbandalagi Evrópu (EBE - síðar Evrópusambandið) og Belgíu (tólfta sendiskrifstofa Íslands).

1. ágúst 1991

Sendiskrifstofa Íslands er opnuð í Berlín, útibú frá sendiráðinu í Bonn.

1992 - 1993

Fastanefnd Íslands gagnvart RÖSE er stofnuð í Vín 1992. Henni er lokað af sparnaðarástæðum í árslok 1993.

21. janúar 1995

Sendiráð Íslands í Peking er opnað (þrettánda sendiskrifstofa Íslands).

29. apríl 1997

Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu í Strassborg er stofnuð (fjórtinga sendiskrifstofa Íslands).

25. ágúst 1997

Sendiráð Íslands í Helsinki er opnað (fimmtánda sendiskrifstofa Íslands).

2. mars 1999

Fastanefnd Íslands hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE/OSCE) í Vín er stofnuð á ný (sextánda sendiskrifstofa Íslands).

4. júní 1999

Ísland opnar aðalræðisskrifstofu í Winnipeg (sautjándi sendiskrifstofa Íslands).

20. október 1999

Sendiráð Íslands í Bonn er flutt til Berlínar. Það er fyrsta sendiráðið sem er byggt með hinum norrænu ríkjunum.



Áslaug Skúladóttir, ritari, við störf í sendiráði Íslands í Stokkhólmi 1951. Hún starfaði í utanríkisþjónustunni í 49 ár.

Stjórnmálasamband við erlend ríki 1918-2000

Neðangreindar dagsetningar miðast við skipun íslensks sendiherra eða sendifulltrúa. Neðst er að finna lista yfir lönd sem Ísland hefur stjórnmálasamband við en hefur ekki skipað sendiherra.

16. ágúst 1920	Danmörk	Sveinn Björnsson
27. apríl 1940	Bretland	Pétur Benediktsson
27. júlí 1940	Svíþjóð	Vilhjálmur Finsen
20. desember 1940	Noregur	Pétur Benediktsson
23. október 1941	Bandaríkin	Thor Thors
21. janúar 1944*	Sovétríkin	Pétur Benediktsson
10. janúar 1946	Frakkland	Pétur Benediktsson
5. febrúar 1946	Pólland	Pétur Benediktsson
13. febrúar 1946	Belgía	Pétur Benediktsson
30. apríl 1946	Tékkóslóvakía	Pétur Benediktsson
3. september 1947	Ítalía	Pétur Benediktsson
19. september 1947	Kanada	Thor Thors
29. desember 1947	Finnland	Jakob Möller
28. febrúar 1949	Þýskaland	Vilhjálmur Finsen
3. maí 1949	Sviss	Pétur Benediktsson
28. júlí 1949	Holland	Stefán Þorvarðsson
28. júlí 1949	Portúgal	Pétur Benediktsson
28. júlí 1949	Spánn	Pétur Benediktsson
5. maí 1951	Íran	Helgi P. Briem
3. júlí 1951	Írland	Pétur Benediktsson
23. ágúst 1951	Ísrael	Helgi P. Briem
24. mars 1952	Argentína	Thor Thors
24. mars 1952	Brasilía	Thor Thors
29. apríl 1953	Júgóslavía	Helgi P. Briem
28. júlí 1955	Ungverjaland	Pétur J. Thorsteinsson
7. febrúar 1956	Kúba	Thor Thors
30. maí 1956	Rúmenía	Pétur J. Thorsteinsson
22. apríl 1958	Japan	Magnús V. Magnússon
21. október 1958	Tyrkland	Stefán Jóh. Stefánsson
4. desember 1958	Grikkland	Agnar Kl. Jónsson
1. júní 1962	Lúxemborg	Pétur J. Thorsteinsson
29. apríl 1965	Búlgaría	Kristinn Guðmundsson
19. júlí 1965	Austurríki	Árni Tryggvason
4. ágúst 1965	Mexíkó	Thor Thors

* Stjórnmálasamband var stofnað 4. október 1943, þótt skipti á sendiherrum hafi orðið síðar.

1. september 1970	Perú	Hannes Kjartansson
10. nóvember 1970	Egyptaland	Henrik Sv. Björnsson
10. nóvember 1970	Eþíópía	Henrik Sv. Björnsson
1. janúar 1971	Nígíría	Guðmundur Í. Guðmundsson
25. september 1973	Kína	Sigurður Bjarnason
18. desember 1973	Þýska alþýðulýðveldið	Oddur Guðjónsson
20. nóvember 1976	Indland	Pétur J. Thorsteinnsson
7. desember 1976	Pakistan	Pétur J. Thorsteinnsson
17. mars 1977	Bahamaeyjar	Hans G. Andersen
25. maí 1977	Mongólía	Hannes Jónsson
17. nóvember 1977	Tansanía	Haraldur Kröyer
3. desember 1977	Páfagarður	Niels P. Sigurðsson
4. desember 1977	Taíland	Pétur J. Thorsteinnsson
10. febrúar 1978	Kenía	Haraldur Kröyer
20. apríl 1978	Írak	Pétur J. Thorsteinnsson
29. september 1978	Albanía	Ingvi S. Ingvarsson
23. nóvember 1978	Bangladess	Pétur J. Thorsteinnsson
24. september 1979	Grænhöfðaeyjar	Einar Benediktsson
11. nóvember 1980	Túnis	Pétur J. Thorsteinnsson
1. desember 1981	Sadí-Arabía	Ingvi S. Ingvarsson
2. apríl 1982	Norður-Kórea	Pétur J. Thorsteinnsson
19. apríl 1982	Suður-Kórea	Pétur J. Thorsteinnsson
10. júní 1983	Kýpur	Sigurður Bjarnason
17. apríl 1984	Ástralía	Pétur J. Thorsteinnsson
1. apríl 1985	Indónesía	Pétur J. Thorsteinnsson
12. nóvember 1987	Chile	Ingvi S. Ingvarsson
5. júlí 1991	Úrúgvæ	Tómas Á. Tómasson
12. júlí 1991	Venesúela	Tómas Á. Tómasson
17. september 1991	Litháen	Ingvi S. Ingvarsson
24. september 1991	Eistland	Sigríður Á. Snævarr
26. september 1991	Lettland	Sigríður Á. Snævarr
8. desember 1991	Rússland	Ólafur Egilsson
26. júní 1992	Liechtenstein	Hjálmar W. Hannesson
3. júní 1993	Úkraína	Ólafur Egilsson
15. september 1993	Slóvenía	Sigríður Á. Snævarr
9. nóvember 1993	Tékkland	Eiður Guðnason
11. nóvember 1993	Slóvakía	Eiður Guðnason
26. janúar 1994	Namibía	Sigríður Á. Snævarr
8. janúar 1996	Georgía	Gunnar Gunnarsson
25. apríl 1996	Suður-Afríka	Sigríður Á. Snævarr

24. október 1996
 15. nóvember 1996
 31. janúar 1997
 17. apríl 1997
 17. júlí 1997
 19. febrúar 1998
 10. ágúst 1998
 22. október 1999
 23. nóvember 1999

Makedónía
 Víetnam
 Kostaríka
 Moldóva
 Andorra
 Bosnía og Hersegóvína
 Mósambík
 Nýja-Sjáland
 Armenía

Eiður Guðnason
 Hjálmar W. Hannesson
 Einar Benediktsson
 Gunnar Gunnarsson
 Sverrir Haukur Gunnlaugsson
 Róbert Trausti Árnason
 Sigríður Á. Snævarr
 Ólafur Egilsson
 Jón Egill Egilsson


Önnur lönd sem Ísland hefur stjórnmalasamband við

Alsír
 Angóla
 Aserbaídsjan
 Barein
 Botsvana
 Filippseyjar
 Gana
 Grenada
 Gvatemala
 Jemen
 Kúveit

Lesótó
 Líbanon
 Malasía
 Maldíveyjar
 Malta
 Marokkó
 Marshallseyjar
 Mósambík
 Nepal
 Níger
 Níkaragva

Oman
 Panama
 San Marínó
 Seychelleseyjar
 Singapúr
 Sómalía
 Srí Lanka
 Svasíland
 Túrkménistan
 Úganda
 Úsbekistan

Sendiskrifstofur Íslands - Sendiráð, fastanefndir og sendiræðisskrifstofur með útsendum starfsmönnum



Aðild Íslands að milliríkjastofnunum 1874-2000

Listinn er ekki tæmandi.

- 1874 Alþjóðapóstsbandið, UPU.
- 1891 Alþjóðastofnunin til útgáfu tollalaga, ICTB.
- 1938 Alþjóðahafnansóknaráðið, ICES. Fyrstu fulltrúar Íslands voru Sveinn Björnsson, sendiherra og Árni Friðriksson, fiskifræðingur.
- 1945 Alþjóðaflugmálastofnunin, PICAO, nefnd ICAO frá 1947.
- 1945 Alþjóðavinnuástandastofnunin, ILO.
- 1945 Matvæla- og landbúnaðarstofnunin, FAO.
- 1945 Alþjóðabankinn, IBRD.
- 1945 Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, IMF.
- 1946 Sameinuðu þjóðirnar (SP), UN. Thor Thors er fyrsti fastafulltrúi Íslands.
- 1947 Alþjóðahvalveiðiráðið. Úrsögn árið 1992.
- 1947 Alþjóðaflóttamannastofnunin, IRO. Hún var leyst upp 1951.
- 1948 Efnahagssamvinnustofnun Evrópu, OEEC. Fyrsti fastafulltrúi Íslands er Pétur Benediktsson. Stofnuninni er breytt í Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunina, OECD, árið 1961.
- 1948 Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, WHO.
- 1949 Alþjóðafjaraskiptasambandið, ITU.
- 1949 Atlantshafsbandalagið, NATO. Fyrsti fulltrúi Íslands er Gunnlaugur Pétursson.
- 1949 Alþjóðaorkumálaráðið, WEC.
- 1950 Alþjóðagreiðslubankinn, BIS.
- 1950 Greiðslubandalag Evrópu, ERU. Það var lagt niður 1958.
- 1950 Tollasamvinnuráðið, WCO.
- 1950 Evrópuráðið, COE. Henrik Sv. Björnsson er fyrsti fulltrúi Íslands.
- 1950 Alþjóðaveðurfræðistofnunin, WMO.
- 1951 Alþjóðafþingmannasambandið, IPU.
- 1952 Norðurlandaráð, NR.
- 1955 Alþjóðagerðardómurinn í Haag, PCA.
- 1956 Alþjóðalánastofnunin, IFC.
- 1957 Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA. Pétur Eggerz er fyrsti fastafulltrúi Íslands.
- 1960 Alþjóðasiglingamálastofnuninni, IMCO, nefnd IMO frá 1982. Hjálmar R. Bárðarson, siglingamálastjóri, er fyrsti fulltrúi Íslands og síðar forseti IMO.
- 1961 Alþjóðafframfarastofnunin, IDA.
- 1961 Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD, tekur við af Efnahagssamvinnustofnun Evrópu, OEEC. Fyrsti fastafulltrúi Íslands er Hans G. Andersen.
- 1962 Alþjóðajarðfræðisambandið, IUGS.
- 1963 Ísland skipar fyrsta sendiherrann gagnvart Efnahagsbandalagi Evrópu, EBE, Pétur J. Thorsteinsson. Því er síðar breytt, ásamt fleiri stofnunum, í Evrópusambandið (ESB), EU. Ísland er ekki aðili.

- 1963 Norður-Atlantshafs fiskveiðinefndin, NEAFC.
- 1964 **Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO.** Pétur J. Thorsteinsson er fyrsti fastafulltrúi Íslands.
- 1964 Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna, FC.
- 1964 **Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti, GATT, aukaaðild.** Einar Benediktsson er fyrsti fulltrúi Íslands. Ísland fær fulla aðild 1968. Stofnuninni er breytt í Alþjóða- viðskiptastofnunina, WTO, 1. janúar 1995.
- 1966 Alþjóðastofnunin um lausn fjárfestingardeilna, ICSID.
- 1967 Alþjóðalandfræðisambandið, IUGG.
- 1970 Alþjóðasjómælingastofnunin, IHO.
- 1970 **Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA.** Einar Benediktsson er fyrsti fastafulltrúi Íslands. Kjartan Jóhannsson er nú framkvæmdastjóri.
- 1971 **Norræna ráðherranefndin, NMR.**
- 1971 Alþjóðasamband sakamálaögreglu, INTERPOL.
- 1973 Alþjóðanáttúruverndarsambandið, IUCN.
- 1973 Norræni iðnaðarsjóðurinn, NI.
- 1975 **Ráðstefnan um öryggi- og samvinnu í Evrópu (RÖSE), CSCE.** Henni er breytt í Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE), OSCE árið 1994.
- 1975 Alþjóðastofnun fjarskipta um gervihnetti, INTELSAT.
- 1976 Norræni fjárfestingarbankinn, NIB.
- 1976 Menningarsjóður Norðurlanda, NK.
- 1977 Iðnþróunarsjóður EFTA fyrir Portúgal, EFTA-IFP.
- 1978 Vísindanefnd um áhrif sólar á jörð, SCOSTEP.
- 1979 Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnunin, NAFO.
- 1982 Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn, NOPEF.
- 1983 Norður-Atlantshafslaxverndarstofnunin, NASCO.
- 1985 Vestnorræna ráðið, VNR.
- 1986 **Alþjóðahugverkastofnunin, WIPO.** Hannes Hafstein er fyrsti fastafulltrúi Íslands.
- 1987 Evrópustofnun fjarskipta um gervitungl, EUTELSAT.
- 1987 Norræni þróunarsjóðurinn fyrir hin vestlægu Norðurlönd (Lánasjóður Vestur-Norðurlanda), VNF.
- 1988 Alþjóðastjarnfræðisambandið, IAU.
- 1988 Rafstaðlasamtök Evrópu, CENELEC.
- 1988 Staðlasamtök Evrópu, CEN.
- 1989 Norræni þróunarsjóðurinn, NDF.
- 1990 Norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfisverndar, NEFCO.
- 1990 **Ráðstefnan um öryggi- og samvinnu í Evrópu (RÖSE), CSCE,** er gerð að alþjóðastofnun. Fyrsti fastafulltrúi Íslands er Gunnar Gunnarsson.
- 1991 Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum, INMARSAT.
- 1991 Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu, EBRD.
- 1992 **Vestur-Evrópusambandið (VES), WEU (aukaaðild).** Sverrir Haukur Gunnlaugsson er fyrsti fastafulltrúi Íslands.

- 1992 Norður-Atlantshafssjóvarspendýraráðið, NAMMCO.
- 1992 Evrópska margmiðlunarstofan, EAO.
- 1992 Alþjóðlegu staðlasamtökin, ISO.
- 1993 Barentsráðið, BEAC.
- 1994 Alþjóðahafsbotsstofnunin, ISA.
- 1994 Eftirlitsstofnun EFTA, ESA.
- 1994 EFTA-dómstóllinn.
- 1994 Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE), OSCE, tekur við af Ráðstefnunni um öryggi- og samvinnu í Evrópu (RÖSE), CSCE. Fyrsti fastafulltrúi Íslands er Hjálmar W. Hannesson.
- 1995 Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO, tekur við af GATT. Fyrsti fastafulltrúi Íslands er Gunnar Snorri Gunnarsson.
- 1995 Eystrasaltsráðið, CBSS.
- 1995 Margmiðlunarsamtökin, EUREKA.
- 1996 Alþjóðahafsréttardómstólinn, ITLOS.
- 1996 Norðurskautsráðið, AC.
- 1997 Efnavopnastofnunin, OPCW. Fyrsti fastafulltrúi Íslands er Gunnar Pálsson.
- 1997 Undirbúningsnefnd Stofnunar allsherjarbanns við tilraunum með kjarnavopn, CTBTO.
- 1998 Fjölþjóðlega fjárfestingaábyrgðastofnunin, MIGA.
- 1999 Heimssýningasamtökin, BIE.



Ráðstefna ræðismanna Íslands í Þýskalandi, Austurríki og Sviss, haldin í Berlín haustið 1999. Myndin er tekin fyrir framan sendirádsbyggingu Íslands sem var opnuð 20. október 1999 ásamt sendiráðum hinna Norðurlandanna. Fyrir miðju standa m.a. Sverrir Haukur Gunnlaugsson, ráðuneytisstjóri, Guðný Aðalsteinsdóttir, Valgerður Valsdóttir, Ingimundur Sigfússon, sendiherra, Sigurjóna Sigurðardóttir og Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra.

Stjórn utanríkismála 1918-2000

1. Ráðherrar, sem farið hafa með utanríkismál

1. desember 1918 - 7. mars 1922	Jón Magnússon
7. mars 1922 - 22. mars 1924	Sigurður Eggerz
22. mars 1924 - 26. júní 1926	Jón Magnússon
26. júní 1926 - 28. ágúst 1927	Jón Þorláksson
28. ágúst 1927 - 3. júní 1932	Tryggvi Þórhallsson
3. júní 1932 - 29. júlí 1934	Ásgeir Ásgeirsson
29. júlí 1934 - 20. mars 1938	Haraldur Guðmundsson
20. mars 1938 - 17. apríl 1939	Hermann Jónasson
17. apríl 1939 - 8. júlí 1940	Stefán Jóh. Stefánsson

2. Utanríkisráðherrar

8. júlí 1940 - 17. janúar 1942	Stefán Jóh. Stefánsson
17. janúar 1942 - 16. desember 1942	Ólafur Thors
16. desember 1942 - 21. október 1944	Vilhjálmur Þór
21. október 1944 - 4. febrúar 1947	Ólafur Thors
4. febrúar 1947 - 11. september 1953	Bjarni Benediktsson
11. september 1953 - 24. júlí 1956	Kristinn Guðmundsson
24. júlí 1956 - 31. ágúst 1965	Guðmundur Í. Guðmundsson
31. ágúst 1965 - 14. júlí 1971	Emil Jónsson
14. júlí 1971 - 1. september 1978	Einar Ágústsson
1. september 1978 - 8. febrúar 1980	Benedikt Gröndal
8. febrúar 1980 - 26. maí 1983	Ólafur Jóhannesson
26. maí 1983 - 24. janúar 1986	Geir Hallgrímsson
24. janúar 1986 - 8. júlí 1987	Matthías Á. Mathiesen
8. júlí 1987 - 28. september 1988	Steingrímur Hermannsson
28. september 1988 - 23. apríl 1995	Jón Baldvin Hannibalsson
23. apríl 1995 -	Halldór Ásgrímsson

3. Forstöðumenn utanríkisráðuneytisins*

1. júlí 1941 - 31. janúar 1944	Stefán Þorvarðsson
31. janúar 1944 - 15. febrúar 1951	Agnar Kl. Jónsson
15. febrúar 1951 - 1. febrúar 1956	Magnús V. Magnússon
1. febrúar 1956 - 1. febrúar 1961	Henrik Sv. Björnsson
1. febrúar 1961 - 1. september 1969	Agnar Kl. Jónsson
1. október 1969 - 12. mars 1976	Pétur J. Thorsteinsson
12. mars 1976 - 10. apríl 1979	Henrik Sv. Björnsson

*Forstöðumenn ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands nefndust skrifstofustjórar uns stöðuheitið ráðuneytisstjóri var tekið upp árið 1956.

10. apríl 1979 - 1. september 1982
1. september 1982 - 31. janúar 1987
1. febrúar 1987 - 1. febrúar 1990
20. febrúar 1990 - 1. maí 1994
1. maí 1994 - 18. september 1995
18. september 1995 - 7. mars 1999
7. mars 1999 -

Hörður Helgason
Ingi S. Ingvarsson
Hannes Hafstein
Þorsteinn Ingólfsson
Róbert Trausti Árnason
Helgi Ágústsson
Sverrir Haukur Gunnlaugsson



Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra og Walter B. Slocombe, aðstoðarvarnarmálaráðherra, undirrita bókun um varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna. Í Reykjavík 9. apríl 1996.

Verkefni utanríkisþjónustunnar um aldamót

Markmið í utanríkismálum

Sérhver ríkisstjórn leggur í upphafi hvers kjörtímabils fram stefnuyfirlýsingu sem utanríkisþjónustan framfylgir. Í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar segir að á sviði utanríkismála verði Ísland áfram virkur þátttakandi í samstarfi við aðrar þjóðir á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu og Sameinuðu þjóðanna. Varnarsamstarfið við Bandaríkin verði áfram þungamiðja öryggisstefnu þjóðarinnar. Sem fyrr verði lögð rækt við samstarf norrænna þjóða á vettvangi Norðurlandaráðs. Samskiptin við Evrópusambandið verði áfram treyst á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og annarra samninga sem Ísland á aðild að. Áfram verði náði fylgst með þróun Evrópusambandsins með framtíðarhagsmuni Íslands að leiðarljósi. Í utanríkismálum verði sérstök áhersla lögð á viðskiptahagsmuni þjóðarinnar, hafréttarmál, aukna þátttöku í þróunarstarfi og baráttu fyrir viðurkenningu almennra mannréttinda.

Sögulegt yfirlit um utanríkisþjónustuna

Íslendingar fengu forræði utanríkismála sinna 1918. Þau heyrðu í upphafi undir forsætisráðherra, sem þá var Jón Magnússon. Frá árinu 1938 var starfrækt sérstök utanríkismáladeild við forsætisráðuneytið. Árið 1940 tóku Íslendingar alfarið meðferð utanríkismála í sínar hendur og var utanríkismáladeildinni breytt í ráðuneyti. Lög voru sett um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis strax á árinu 1941. Ný lög um Utanríkisþjónustu Íslands voru sett árið 1971.

Hlutverk utanríkisþjónustunnar

Í lögum um utanríkisþjónustuna segir að utanríkisþjónustan fari með utanríkismál og gæti í hvívetna hagsmuna Íslands gagnvart öðrum ríkjum. Hún skal einkum gæta hagsmuna Íslands að því er snertir (1) stjórnsmál og öryggismál, (2) utanríkisviðskipti og (3) menningarmál.

Skipulag utanríkisþjónustunnar

Utanríkisþjónustan greinist annars vegar í utanríkisráðuneytið og hins vegar í sendiráð, fastanefndir og ræðisskrifstofur. Sendiherrar veita sendiráðum forstöðu, fastafulltrúar veita fastanefndum við alþjóðastofnanir forstöðu og ræðismenn veita ræðisskrifstofum forstöðu.

Skrifstofur erlendis

Sendiráð, fastanefndir og ræðisskrifstofur með útsendum starfsmönnum nefnast einu nafni sendiskrifstofur. Margar þeirra gegna mörgum hlutverkum, t.d. gegnir sendiskrifstofan í París hlutverki sex sendiráða, gagnvart Frakklandi, Andorra, Ítalíu, Portúgal, San Marínó og Spáni og þriggja fastanefnda gagnvart Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnuninni (OECD), Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) og Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) í Róm á Ítalíu.

Sendiráð eru 11, fastanefndir eru 5 og ein sendiræðisskrifstofa er í Winnipeg, samtals 17 sendiskrifstofur í 14 löndum. Auk sendiskrifstofanna eru 188 íslenskar kjöræðisskrifstofur

erlendis í 61 landi. Þær eru skipaðar ólaunuðum kjöræðismönnum, sem vinna mikið og óeigingjarnt starf fyrir Ísland. Flestir eru erlendir ríkisborgarar en nokkrir eru af íslenskum ættum.

Starfsmenn og yfirstjórn utanríkisþjónustunnar

Í utanríkisráðuneytinu starfa um 80 manns og í sendiskrifstofunum starfa um 105 manns.

Ólaunaðir kjöræðismenn eru um 225 talsins.

Æðsti yfirmaður utanríkisráðuneytisins er utanríkisráðherra. Æðsti embættismaður ráðuneytisins er ráðuneytissjóri, sem stýrir daglegum rekstri þess.

Skipulag utanríkisráðuneytisins

Fjallað er um verkefnasvið utanríkisráðuneytisins í reglugerð um Stjórnarráð Íslands. Í utanríkisráðuneytinu eru eftirfarandi níu skrifstofur sem eru ábyrgar fyrir daglegum rekstri þeirra málaflokka sem undir þær heyra:

Almenn skrifstofa

Almenn skrifstofa sinnir daglegum rekstri, fjármálum, fjárlagagerð, starfsmannahaldi, kjaramálum og réttindamálum Íslendinga erlendis. Hún skiptist í starfsmannasvið, fjármála- og rekstrarsvið, aðstoðarmálasvið og tölvu- og upplýsingasvið. Skjalasafnið og þýðingamiðstöð ráðuneytisins heyra undir almennu skrifstofuna. Þýðingamiðstöðin annast m.a. þýðingu EES-samningsins, sem er mjög umfangsmikill og háður stöðugum breytingum.

Alþjóðaskrifstofa

Alþjóðaskrifstofa sinnir pólitískum samskiptum Íslands við erlend ríki og alþjóðastofnanir. Umfangsmesta starf skrifstofunnar tengist starfsemi Sameinuðu þjóðanna og undirstofnunum þeirra svo og Atlantshafsbandalaginu, Vestur-Evrópusambandinu og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, pólitísku samstarfi við ESB, Norðurlandaráði, Eyrstrasaltsráðinu, Evrópuráðinu, Barentsráðinu, Norðurskautsráðinu, Alþjóðabankanum og þróunarmálum. Skrifstofan skiptist í alþjóðastofnanasvið, Norðurlandasvið, Evrópusvið, öryggismálasvið, þróunarsamvinnusvið og svæðisstofnanasvið.

Auðlinda- og umhverfisskrifstofa

Auðlinda- og umhverfisskrifstofa annast samskipti og samninga á sviði auðlinda- og umhverfismála og málefna er varða Norður- og Suðurskautið. Auðlindir hafsins eru umfangsmikið viðfangsefni. Um er að ræða tvíhliða fiskveiðisamninga og aðra samninga er varða sjávarnýtjar, svo og alþjóðlegar stofnanir sem um þau mál fjalla. Á sviði umhverfismála er helsta viðfangsefnið alþjóðleg samvinna og samningar um vernd sjávarumhverfisins, loftslagsins, sjálfbæra þróun, vernd og nýtingu lífríkis og tengsl alþjóðaviðskipta, fjárfestinga og umhverfismála.

Prótócollsskrifstofa

Skrifstofan fjallar um málefni erlendra sendiherra gagnvart Íslandi og viðurkenningu á skipun kjöræðismanna erlendra ríkja. Hún kemur að skipulagningu opinberra heimsóknna þjóðhöfðingja og stjórnarereindreka til Íslands í samvinnu við forsetaembættið, hátíðar- og minningarathafna á vegum utanríkisþjónustunnar, annast útgáfu diplómatiskra þjónustuvegabréfa ráðu-

neytisins og persónuskilríkja fyrir fulltrúa erlendra ríkja. Hún sér einnig um önnur hefðbundin samskipti við erlend sendiráð í Reykjavík.

Símenntunar- og samræmingarskrifstofa

Meginverkefni símenntunar- og samræmingarskrifstofu eru þjálfun starfsmanna, umsjón með bóka- og ljósmyndasafni ráðuneytisins og aðstoð við útvegum upplýsinga fyrir starfsmenn. Hún hefur umsjón með gerð vefsetra fyrir sendiskrifstofurnar, auk ýmissa annarra verkefna, sem m.a. varða fleiri en eina skrifstofu.

Skrifstofa upplýsinga-, menningarmála og ræðistengsla

Skrifstofan sér um menningarmál, menntamál, vísindamál, ferðamál, upplýsingamál, þ.m.t. yfir- umsjón með vefsetri ráðuneytisins, og sinnir alþjóðasamstarfi á verksviði skrifstofunnar. Hún annast einnig tengsl ráðuneytisins við kjörræðismenn Íslands erlendis, jafnhliða sendiráðun- um, svo og skipanir þeirra.

Skrifstofa þjóðréttarfræðings

Skrifstofa þjóðréttarfræðings sinnir málefnum á sviði þjóðaréttar. Skrifstofan hefur umsjón með samningum Íslands við erlend ríki og gerð þeirra. Hún annast frágang og undirbýr undir- ritun og fullgildingu samninga, þ.m.t. þinglega meðferð þeirra. Skrifstofan sér um birtingu samninga í C-deild Stjórnartíðinda og útgáfu skrár um þá. Skrifstofan veitir einstökum fag- skrifstofum utanríkisráðuneytisins og fagráðuneytum ráðgjöf um þjóðréttarleg atriði. Stór þáttur í starfi skrifstofunnar er hafréttarmál. Hún fer einnig með önnur þjóðréttarmál á vett- vangum Sameinuðu þjóðanna.

Varnarmálaskrifstofa

Varnarmálaskrifstofa fer með framkvæmd varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, mál sem tengjast honum og jafnframt samskipti við önnur ríki á sviði varnarmála. Skrifstofan fer einnig með stjórnsýslu á varnarsvæðunum og eftirlit með samskiptum varnarliðsins við íslenska aðila og stofnanir og ennfremur yfirstjórn flestra ríkisstofnana sem tengjast varnarsvæðunum og heyra undir utanríkisráðherra. Stjórnsýslan á varnarsvæðunum tekur m.a. til dómsmála, lög- reglumála, tollamála, umhverfismála og heilbrigðismála. Einnig heyra málefni sem varða við- skipti við varnarliðið undir skrifstofuna. Í verkahring skrifstofunnar er einnig skipulag og fram- kvæmd varnaræfingarinnar Norðurvíkingur í samvinnu við varnarliðið og skipulag friðarsam- starfsæfingarinnar Samvörður í samvinnu við Almannavarnir ríkisins og varnarliðið.

Viðskiptaskrifstofa

Viðskiptaskrifstofa annast samskipti Íslands við alþjóðleg viðskiptasamtök og efnahags- og fjármálastofnanir, undirbúning, gerð og framkvæmd viðskiptasamninga við erlend ríki og sam- starf við stofnanir og hagsmunasamtök á sviði útflutningsviðskipta. Meðal stærstu verkefna skrifstofunnar er að annast framkvæmd EES-samningsins og samstarfið við Evrópusambandið. Hún annast einnig málefni Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunar Evrópu (OECD) svo og Al- þjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO). Viðskiptaþjónusta utanríkisráðuneytisins er hluti af við- skiptaskrifstofu sem annast m.a. aðstoð við íslensk fyrirtæki. Skrifstofan var sett á lagginar

árið 1987 þegar utanríkisviðskipti voru flutt frá viðskiptaráðuneytinu til utanríkisráðuneytisins. Hún skiptist í alþjóðasvið, Evrópusvið og tvíhliða viðskiptasvið.

Helstu verkefnasvið íslenskra sendiráða, fastanefnda og ræðisskrifstofa

Öll íslensk sendiráð annast diplómísk samskipti við umdæmisríkin, ræðisstörf, þ.á m. aðstoð við Íslendinga, menningarmál, landkynningar- og upplýsingastörf. Þau veita og íslenskum fyrirtækjum margvíslega fyrirgreiðslu á sviði viðskipta og fjárfestinga. Þau standa vörð um pólitíska- og öryggishagsmuni landsins erlendis, eins og þeir eru skilgreindir af ríkisstjórn hverju sinni. Hinn 1. desember 1999 bjuggu 24.600 Íslendingar erlendis og veita sendiráðin þeim margvíslega þjónustu. Í sumum höfuðborgum eru mörg erlend sendiráð gagnvart Íslandi og hafa íslensku sendiráðin þar oft milligöngu um erindisrekstur.

Fastanefndir gæta hagsmuna Íslands gagnvart alþjóðastofnunum. Ísland hefur nú fastanefndir gagnvart Sameinuðu þjóðunum, NATO, ÖSE/OSCE, Evrópuráðinu, EFTA, WTO, OECD, mörgum sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna og fleiri alþjóðastofnunum.

Ræðisskrifstofur gæta hagsmuna Íslands aðallega gagnvart sveitarstjórnum. Þær gegna að mörgu leyti hliðstæðu hlutverki og sendiráðin. Ísland hefur tvær aðalræðisskrifstofur með útsendum starfsmönnum, í New York og Winnipeg. Aðrar ræðisskrifstofur eru skipaðar ólaunuðum ræðismönnum, þ.e. kjörræðismönnum. Kjörræðisskrifstofurnar eru nú 188 í 61 landi. Kjörræðismennirnir eru flestir erlendir ríkisborgarar, valdir m.t.t. tengsla við Ísland. Þeir eru um 225 talsins, þar af 55 aðalræðismenn, 140 ræðismenn og 30 vararæðismenn.

Sendiráðið í Berlín

Opnað 1999 (var í Hamborg frá 1949 og í Bonn frá 1955). Í umdæmi sendiráðsins eru, auk Sambandslýðveldisins Þýskalands, Austurríki, Króatía, Sviss og Ungverjaland. Í umdæminu eru 17 ræðisskrifstofur. Starfsmenn eru 5, þar af einn viðskiptafulltrúi, auk 19 kjörræðismanna. Um 860 Íslendingar bjuggu í Þýskalandi 1999 (150 í Sviss og 70 í Austurríki) og þaðan komu um 31.700 ferðamenn til Íslands. Útflutningur til Þýskalands var kr. 19,0 milljarðar en innflutningur 20,2 (5,4 og 2,0 fyrir Sviss, 0,2 og 1,1 fyrir Austurríki).

Sendiráðið í Brussel

Opnað 1967 (aðgreint frá fastanefndinni hjá NATO 1986). Umdæmi sendiráðsins, auk Evrópasambandsins, er Belgía, Lúxemborg og Liechtenstein. Í umdæminu eru 4 ræðisskrifstofur.



Sendiráð Íslands í Berlín var opnað í október 1999, fyrsta sendiráðið sem var byggt í samstarfi við hin Norðurlöndin.
Arkitekt: Pálmar Kristmundsson

Starfsmenn eru 17, þar af 8 frá öðrum ráðuneytum, auk 4 kjörræðismanna. Starf sendiráðsins beinist einkum að framkvæmd og þróun EES-samningsins og almennum samskiptum við ESB. Um 70 Íslendingar bjuggu í Belgíu 1999 (390 í Lúxemborg) og þaðan komu um 2.600 ferðamenn til Íslands (um 200 frá Lúxemborg). Útflutningur til Belgíu var kr. 2,0 milljarðar en innflutningur 3,1. Í Brussel er eitt erlent sendiráð gagnvart Íslandi.

Sendiráðið í Helsinki

Opnað 1997. Umdæmi sendiráðsins, auk Finnlands, er Eistland, Lettland og Úkraína. Í umdæminu eru 8 ræðisskrifstofur. Starfsmenn eru 5, auk 10 kjörræðismanna. Um 150 Íslendingar bjuggu í Finnlandi 1999 og þaðan komu um 8.500 ferðamenn til Íslands. Útflutningur til Finnlands var kr. 0,7 milljarðar en innflutningur 2,8. Í Helsinki er eitt erlent sendiráð gagnvart Íslandi.

Sendiráðið í Kaupmannahöfn

Opnað 1920. Auk Danmerkur (Færeyja og Grænlands) er umdæmi sendiráðsins Ísrael, Litáen, Malta, Rúmenía og Tyrkland. Í umdæminu eru 23 ræðisskrifstofur. Starfsmenn eru 6, auk 26 kjörræðismanna. Um 6.300 Íslendingar bjuggu í Danmörku 1999 (190 í Færeyjum og 50 á Grænlandi) og þaðan komu um 25.100 ferðamenn til Íslands. Útflutningur til Danmerkur var kr. 6,7 milljarðar en innflutningur 13,5. Í Kaupmannahöfn eru 14 erlend sendiráð gagnvart Íslandi.

Sendiráðið í London

Opnað 1940. Auk Stóra-Bretlands og Norður-Írlands er umdæmi sendiráðsins Grikkland, Holland, Indland, Írland, Maldívejar, Nepal og Nígíería. Í umdæminu eru 24 ræðisskrifstofur. Starfsmenn eru 7, þar af einn viðskiptafulltrúi, auk 25 kjörræðismanna. Um 1.100 Íslendingar bjuggu í Bretlandi 1999 (280 í Hollandi, 30 í Grikklandi og 20 á Írlandi) og þaðan komu um 31.500 ferðamenn til Íslands (9.700 frá Hollandi, 2.400 frá Írlandi og 200 frá Grikklandi). Útflutningur til Bretlands var kr. 28,5 milljarðar en innflutningur 17,5 (8,7 og 9,5 fyrir Holland, 0,4 og 2,8 fyrir Írland, 0,9 og 0,1 fyrir Grikkland). Í London eru átta erlend sendiráð gagnvart Íslandi. Eitt erlent sendiráð er í Dublin gagnvart Íslandi.

Sendiráðið í Moskvu

Opnað 1944. Umdæmislönd sendiráðsins eru, auk Rússlands, Armenía, Aserbaídsjan, Georgía, Moldóva, Túrkménistan og Úsbekistan. Í umdæminu eru 2 ræðisskrifstofur. Starfsmenn eru 7, þar af einn viðskiptafulltrúi, auk 3 kjörræðismanna. Um 40 Íslendingar bjuggu í Rússlandi 1999 og þaðan komu um 760 ferðamenn til Íslands. Útflutningur til Rússlands var kr. 0,4 milljarðar en innflutningur 3,5.

Sendiráðið í Osló

Opnað 1947. Umdæmi sendiráðs nær, auk Noregs, til Egyptalands, Makedóníu, Póllands, Slóvakíu og Tékklands. Í umdæminu eru 15 ræðisskrifstofur. Starfsmenn eru 5, auk 16 kjörræðismanna. Um 4.300 Íslendingar bjuggu í Noregi 1999 og þaðan komu um 22.600 ferðamenn til Íslands. Útflutningur til Noregs var kr. 7,0 milljarðar en innflutningur 19,0. Í Osló eru 23 erlend sendiráð gagnvart Íslandi.

Sendiskrifstofan í París

Opnuð 1946. Umdæmislönd sendiráðsins, auk Frakklands, eru Andorra, Ítalía, Portúgal, San Marínó og Spánn. Í umdæminu eru 25 ræðisskrifstofur. Starfsmenn eru 8, þar af einn viðskiptafultrúi, auk 34 kjörræðismanna. Sendiskrifstofan gegnir hlutverki fastanefndar gagnvart Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnuninni (OECD), Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) og Matvæla- og landbúnaðarstofnuninni (FAO). Um 250 Íslendingar bjuggu í Frakklandi 1999 (140 á Spáni, 90 á Ítalíu og 30 í Portúgal) og þaðan komu um 13.500 ferðamenn til Íslands (4.100 frá Spáni, 7.700 frá Ítalíu og 800 frá Portúgal). Útflutningur til Frakklands var kr. 7,5 milljarðar en innflutningur 6,9 (7,5 og 3,6 fyrir Spán, 2,4 og 6,1 fyrir Ítalíu, 7,0 og 1,3 fyrir Portúgal).

Sendiráðið í Peking

Opnað 1995. Umdæmi sendiráðsins, auk Alþýðulýðveldisins Kína, er Ástralía, Indónesía, Japan, Mongólía, Norður-Kórea, Nýja-Sjáláland, Suður-Kórea, Taíland og Víetnam. Í umdæminu eru 8 ræðisskrifstofur. Starfsmenn eru 6, þar af einn viðskiptafultrúi, auk 12 kjörræðismanna. Um 20 Íslendingar bjuggu í Kína 1999 (20 í Japan, 360 í Ástralíu og 80 á Nýja-Sjálálandi). Það ár komu um 2.500 ferðamenn frá Japan. Útflutningur til Kína var kr. 0,4 milljarðar en innflutningur 3,0 (7,3 og 10,1 fyrir Japan, 0,1 og 4,7 fyrir Ástralíu, 0,1 og 0,1 fyrir Nýja-Sjáláland).

Sendiráðið í Stokkhólmi

Opnað 1940. Umdæmislönd sendiráðsins, auk Svíþjóðar, eru Albanía, Bangladess, Búlgaría, Júgóslavía, Kýpur, Pakistan og Slóvenía. Í umdæminu eru 10 ræðisskrifstofur. Starfsmenn eru 5, auk 11 kjörræðismanna. Um 4.700 Íslendingar bjuggu í Svíþjóð 1999 og þaðan komu um 26.800 ferðamenn til Íslands. Útflutningur til Svíþjóðar var kr. 1,3 milljarðar en innflutningur 11,3. Í Stokkhólmi eru 28 erlend sendiráð gagnvart Íslandi.

Sendiráðið í Washington

Opnað 1941. Umdæmislönd sendiráðsins, auk Bandaríkja Norður-Ameríku, eru Argentína, Brasilía, Chile, Gvatemala, Kanada, Kostaríka, Kólumbía, Mexíkó, Níkaragva, Perú, Úrúgvæ og Venesúela. Í umdæminu eru 40 ræðisskrifstofur. Starfsmenn eru 7, auk 51 kjörræðismanna. Um 4.000 Íslendingar bjuggu í Bandaríkjunum 1999 (500 í Kanada) og þaðan komu um 44.700 ferðamenn til Íslands (2.900 frá Kanada). Útflutningur til Bandaríkjanna var kr. 21,4 milljarðar en innflutningur 19,7 (2,2 og 1,5 fyrir Kanada). Bæði í Washington og Ottawa eru eitt erlent sendiráð gagnvart Íslandi.

Fastanefndin í Brussel (NATO)

Opnuð 1967 (var áður í London frá 1949 og í París frá 1952). Annast fyrirvar gagnvart Atlantshafsbandalag-



Sendiráð Íslands í Washington flutti haustið 1994 í ný húsakynni hönnuð af Guðmundi Jónssyni, arkitekt. Veggirnir tákna öldur hafsins, gólfefnið er íslenskt grágrýti. Í fundarsal er eftirlíking af íslensku stuðla-bergi.

inu (NATO), Vestur-Evrópusambandinu (WEU) og Efnavopnastofnuninni (OPCW). Starfsmenn eru 6. Hlutverk fastanefndarinnar er að framfylgja stefnu ríkisstjórnarinnar í öryggis- og varnarmálum á vettvangi stofnananna þriggja. Hún hefur með að gera viss svið afvopnunarmála og gætir hagsmuna Íslands gagnvart framangreindum stofnunum. Fastanefndin tekur sæti Íslands á sameiginlegum vettvangi Atlantshafsbandalagsins og samstarfsríkja (EAPC), Úkraínu (NUC) og Rússlands (PJC), auk þess að taka fullan þátt í fjölbreytilegu innra starfi bandalagsins.

Fastanefndin í Genf

Opnuð 1970. Hlutverk fastanefndarinnar er fyrirvar hjá Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA), Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO), Evrópuskrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Genf, undirstofnunum hennar og öðrum alþjóðastofnunum í Genf svo og meðferð ræðismálefna. Starfsmenn eru 6. Fastanefndin annast reglubundið starf fastaráðs EFTA og fastafulltrúa, þátttöku í fríverslunarviðræðum, ráðherrafundum, fundum háttsettra embættismanna og EFTA/ESB samráð. Einnig reglubundið starf aðalráðs WTO, undirbúning fyrir ráðherraráðstefnur WTO, eftirlit með tilkynningarskyldu, samhæfingu og þátttöku í samningaviðræðum, fundum um efnahags- og viðskiptamál, þjónustuviðskipti, vöruviðskipti, tollamál, upplýsingatækni, landbúnað, sjávarútveg, ríkisstyrki, umhverfismál, markaðsaðgang, neytendamál o. fl.

Sendiskrifstofan í New York

Opnuð 1965. Fastanefndin hjá Sameinuðu þjóðunum gætir þess að tekið sé tillit til íslenskra sjónarmiða og hagsmuna í þeirri sameiginlegu vinnu sem fram fer á ólíkum vettvangi innan samtakanna í New York. Sendiskrifstofan gegnir hlutverki sendiráðs gagnvart Bahamaeyjum, Barbadoseyjum, Grenada og Kúbu og aðalræðisskrifstofu fyrir fylkin New York, Connecticut, New Jersey og Rhode Island. Starfsmenn eru 8, þar af eru tveir ræðismenn. Annar þeirra starfar sem viðskiptafulltrúi, en aðalræðismaðurinn er jafnframt varafastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum.

Fastanefndin í Strassborg

Opnuð 1997. Fastanefndin er í fyrirvari fyrir Ísland gagnvart Evrópuráðinu. Hún annast þátttöku í ráðherranefndinni og vinnunefndum hennar. Hún gætir hagsmuna Íslands og kemur á framfæri afstöðu þess þegar við á.

Sendiskrifstofan í Vín

Opnuð 1999. Fastanefndin hefur fyrirvar Íslands gagnvart Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE). Hún gætir hagsmuna Íslands og kemur á framfæri afstöðu þess. Fastanefndin hefur með höndum skýrslugerð um alþjóðastjórnsmál og þá sérstaklega öryggis- og mannréttindamál, auk tvíhliða samskipta við einstök aðildarríki ÖSE um málefni stofnana. Þá gegnir fastanefndin hlutverki sendiráðs gagnvart Bosníu og Hersegóvínu.

Aðalræðisskrifstofan í Winnipeg

Opnuð 1999. Aðalræðisskrifstofan vinnur að því að undirbúa hátíðahöld vegna 1000 ára afmælis fundar Leifs Eiríkssonar á Ameríku. Hún annast samskipti við Vestur-Íslendinga í Winnipeg og vinnur hefðbundin ræðisstörf, aðstoð við Íslendinga, íslensk fyrirtæki, miðlar upplýsingum og vinnur að menningarsamskiptum Íslands og Kanada.

Örfá dæmi um atburði sem utanríkis- þjónustan hefur komið að síðustu 20 árin

1. Alþjóðastjórnsmál og öryggismál

- 1983 Landvarnaræfingin Norður-Víkingur haldin í fyrsta sinn. Haldin á tveggja ára fresti síðan.
- 1986 Leiðtogafundur Reagans Bandaríkjaforseta og Gorbatsjovs aðalritara kommúnistaflokks Sovétríkjanna haldinn í Reykjavík.
- 1987 Utanríkisráðherrafundur Atlantshafsbandalagsins haldinn í Reykjavík.
- 1997 Almannaþing Landvarnaræfingin Samvörður haldin í fyrsta sinn. Næst haldin á árinu 2000.

2. Utanríkisviðskipti

- 1980 Kynning íslenskra fyrirtækja í Frakklandi.
- 1982 Kynning íslenskra fyrirtækja í Bretlandi.
- 1995 Fyrirtækjakynning með utanríkisráðherra í Kína.
- 1996 Fyrirtækjakynning með utanríkisráðherra í Suður-Kóreu.
- 1996 Viðskiptakynning í Barcelona í samvinnu við Verslunarráð Íslands.
- 1997 Fyrirtækjakynning með utanríkisráðherra í Argentínu og Chile.
- 1999 Fyrirtækjakynning með utanríkisráðherra og viðskiptaráðherra í Malasíu og Singapúr.
- 1999 Heimssýningin í Lissabon (Útflutningsráð Íslands var í fyrirsvari).
- 2000 Fyrirtækjakynning með utanríkisráðherra í Rússlandi.
- 2000 Heimssýningin í Hannover, EXPO 2000.

3. Menningarmál

(Flestir í samvinnu við menntamálaráðuneytið).

- 1982 Scandinavia Today, sameiginleg menningarkynning Norðurlanda í Bandaríkjunum.
- 1989 Menningarkynning í Bretlandi.
- 1993 Menningarkynning í Þýskalandi.
- 1994 Menningarkynning í Bretlandi.
- 1995 Menningarkynningar á Spáni og í Þýskalandi.
- 1997 Íslensk menningarvika í Peking, Kína.
- 1998 Íslensk menningarvika í Helsinki, Finnlandi.
- 2000 Landafunda minnst í Bandaríkjunum og Kanada, m.a. með veglegri Víkingasýningu í samvinnu við hin Norðurlöndin og fleiri.

Listi yfir höfunda, eigendur eða uppruna ljósmynda á sýningunni

A/S Bogforlaget Dana
AP-fréttastofan
API-fréttastofan
Auður Rútsdóttir
Áslaug Skúladóttir
Ástríður Andersen
Bandaríska utanríkisráðuneytið
Bandaríski flugherinn
Benedikt Gröndal
Birgir Möller
Birna Hreiðarsdóttir
Björn Friðfinnsson
Brynhildur Jónsdóttir
Dagbladet í Osló
Danska utanríkisþjónustan
Den danske udenrigstjeneste 1770-1970,
Kaupmannahöfn 1970
Fjölskylda Agnars Kl. Jónssonar
ECPA
EFTA
Elín Magnússon
Embætti forseta Bandaríkjanna
Emil Breki Hreggviðsson
Gunnar G. Vigfússon
Gunnar Snorri Gunnarsson
Hannes Jónsson
Helgi Ágústsson
Helgi Gíslason
Hjálmar W. Hannesson
Inga Cleaver
Ingvi S. Ingvarsson
Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna
Jóhann Krøyer
Jóhann Þorsteinsson
Ljósmyndasafn Reykjavíkur
Læknablaðið 1995
NATO
New York Times


Oddný Thorsteinsson
Ólafur Egilsson
Ólöf Pálsdóttir
Ríkisútvarpið
Sameinuðu þjóðirnar
Sarah Helgason
Sigríður Á. Snævarr
Steingrímur Hermannsson
Sverrir Haukur Gunnlaugsson
Sylvía Briem
Tómas Á. Tómasson
Utanríkisráðuneytið
Utanríkisþjónusta Íslands og utanríkismál, 1992
Vigfús Sigurgeirsson
Þjóðminjasafn Íslands
Þórunn Sigurðardóttir
Þróunarsamvinnustofnun Íslands
Þýska utanríkisráðuneytið



Móðir Theresa tekur við ágóðanum af sölu matreiðslubókarinnar „What’s Cooking in the Kremlin?“ í Moskvu 22. júní 1990. Makafélag diplómata í borginni stóð fyrir útgáfunni, en peningagjöfin markaði upphafið að umfangsmikilli líkna starfsemi félagsins, án milligöngu sovétrá stjórnsvalda.

Á myndinni t.h. sést Birna Hreiðarsdóttir, annar höfunda bókarinnar og ritari makafélagsins. T.v. er Kusum Budhwar, forseti félagsins og eiginkona indverska sendiherrans.

Skipurit utanríkisþjónustunnar



Mars 2000



Grímur Thomsen (1820-1896), skáld, var fyrsti Íslendingurinn sem gegndi starfi (1848-1866) í utanríkishjónustu Dana.

UTANRÍKISÞJÓNUSTAN 60 ára

Rit Utanríkisráðuneytisins nr. 2/2000

Útgefandi: Utanríkisráðuneytið

Rauðarárstíg 25

Reykjavík

Hönnun og umbrot:

Sigríður Bragadóttir og Ragnheiður Kristjánsdóttir

Ljósmyndir: Ýmsir

Prentun: Svansprent

Endurprentað: Júlí 2000.

ISBN 9979-9432-3-8